

BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020

Skipulagshópur - leiðbeiningar og verklag

Júní 2007

1.8.2007



1. Inngangur

Vinna við Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020 hófst á árinu 2006. Aðalskipulagið mun ná til alls sveitarfélagsins en gildandi aðalskipulag nær aðeins til þéttbýlis.

Í aðalskipulagsvinnunni er lögð rík áhersla á virkt samráð við almenning og hagsmunaaðila. Settur hefur verið á fót sérstakur skipulagshópur sem mun fjalla um landnotkun og stefnumörkun sveitarfélagsins. Hér er fjallað nánar um aðkomu skipulagshópsins og er skjalið staðfest af öllum fulltrúum hans.

2. Hlutverk skipulagshópsins

Leitað var eftir þátttöku félaga í skipulagsvinnunni með kynningum veturinn 2006-2007. Skipan hópsins nú byggist á viðbrögðum við þeirri kynningu. Jafnframt hefur verið reynt að tryggja að sem víðtækust sjónarmið rúmist innan hópsins.

Hlutverk skipulagshópsins er að kynna hagsmuni og sjónarmið hagsmunaaðila í Bolungarvík. Hópurinn mun vinna að skipulagstillögu sem mætir þörfum hagsmunaaðila án þess að skerða náttúruleg og menningarleg verðmæti svæðisins.

Skipulagsráðgjafi mun færa niðurstöður skipulagshópsins í „lögformlegan búning“ en Bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar samþykkir endanlega skipulagstillögu.

Á meðal þeirra mála sem verða til umræðu eru:

- Verndun náttúru og menningarverðmæta
- Byggðamál
- Atvinnumál
- Samgöngumál
- Veitur og sorp
- Félags- og velferðarmál
- Opin svæði og útivist

1.8.2007


3. Forsendur

Fyrirhuguð skipulagsvinna er háð ákveðnum forsendum sem taka verður til greina og byggja hið nýja skipulag á. Á meðal þeirra eru Skipulags- og byggingarlög sem kveða á um að aðalskipulag skuli unnið í anda sjálfbærrar þróunar. Þátttakendur munu fá nauðsynleg gögn afhent.

4. Þátttaka

Samsetning skipulagshópsins hefur verið ákvörðuð í samráði við hagsmunaaðila. Nauðsynlegt er að takmarka stærð hópsins svo starfshæfni hans verði góð en fulltrúarnir eru málsvarar mikils fjölda manna og sjónarmiða. Þeir eru eftirfarandi (varamenn eru innan sviga):

- Bolungarvíkurkaupstaður:
 - Formaður umhverfismálaráðs, Roland Smelt (Jón Atli Magnússon)
- Félagsmál og íbúar
 - Foreldrafélag Grunnskóla Bolungarvíkur
 - Félag eldri borgara, Valdimar Lúðvík Gíslason
 - Fatlaðir, Falur Þorkelsson
 - Innflytjendur
- Íþrótt- og útivistarfélag
 - HSB, Baldur Smári Einarsson (Rögnvaldur Magnússon)
 - Hestamannafélagið Stormur, Jóhann Bragason (Jón Guðni Guðmundsson)
 - Heilsubærinn Bolungarvík, Ragnheiður Ragnarsdóttir
- Ferðapjónusta
 - Ferðamálasamtök Bolungarvíkur, Haukur Vagnsson
- Land- og húseigendur í Skálavík
 - Hafþór Gunnarsson
- Landbúnaður
 - Sunna Reyf Sigurjónsdóttir, Ósi
- Sjávarútvegur
 - Sjávarútvegsklasi Vaxtarsamnings Vestfjarða



Uppbygging og hagsmunaaðilar skipulagshópsins.

Ábyrgð

Fulltrúar í skipulagshópi eru í öllum tilvikum fulltrúar fyrir ákveðinn eða ákveðna hópa og ber þeim að standa vörð um sjónarmið og hagsmuni þeirra. Fulltrúarnir þurfa því að vera í góðu sambandi við skjólstæðinga sína og virkja umræðu innan félaganna.

Sameiginleg niðurstaða

Mikil áhersla er lögð á að allir aðilar skipulagshópsins komist að sameiginlegri niðurstöðu um landnýtingu og stefnumörkun fyrir svæðið og sættist á eina skipulagslausn. Þannig verður mun líkleggra en ella að almenn sátt ríki um skipulagið og því verði framfylgt. Mikilvægt er þó að skoða kosti og galla mismunandi leiða. Með þátttöku í skipulagshópnum skuldbinda aðilar sig til að

1.8.2007

vinna að sameiginlegri niðurstöðu. Slíkt niðurstaða næst með því að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- Þátttakendur í skipulagshópnum eru fulltrúar þeirra hagsmuna og félaga sem þeir standa fyrir og ber að hafa hag þeirra að leiðarljósi. Hagsmunir heildarinnar eru mikilvægari en hagsmunir einstaklinga.
- Aðila getur greint á um einstök atriði í tillögum skipulagshóps þrátt fyrir að allir aðilar hafi fallist á að samþykkja „heildarpakkann“.
- Andstöðu við sameiginlega niðurstöðu (t.d. eins eða tveggja aðila) þarf að fylgja rökstuðningur og skýring á því hvernig tillagan hefur afgerandi neikvæð áhrif á hagsmuni þeirra.
- Í sameiginlegri niðurstöðu getur falist hlutleysi aðila.
- Í niðurstöðu verður hægt að tilgreina þau atriði sem ágreiningur er um innan hópsins.

5. Fundir

Bolungarvíkurkaupstaður og skipulagsráðgjafar boða til fundanna en upplýsingagjöf og ráðgjöf verður í höndum skipulagsráðgjafa. Skipaður verður fundarstjóri og fundarritari. Fundargerðir verða aðgengilegar á heimasíðu Bolungarvíkur.

Fundartímar verða sem hér segir, með fyrirvara um breytingar

Yfyrskrift	Efni	Staður	Tími
Kynningarfundur 1	Kynning og leiðbeiningar og verklag	Bæjarskrifstofur	19. júní 2007 kl. 17.
Grunnvinna Hópa	Hópar hagsmunaaðila ræða um framtíðarsýn, vandamál og kosti.	Á ábyrgð hvers hóps	19. júní – 20. ágúst 2007.
Vinnufundur 1	Niðurstöður grunnvinnu	Bæjarskrifstofur	3. september 2007 kl. 17.
Vinnufundur 2	Umræður og samræming sjónarmiða	Bæjarskrifstofur	27. september 2007 kl. 17.
Vinnufundur 3	Tillaga samþykkt	Bæjarskrifstofur	23. október 2007 kl. 17.

Dagskrá funda mun verða kynnt fyrir hvern fund. Áhersla er lögð á viðveru fulltrúa á vinnufundum og ber fulltrúi ábyrgð á að varamaður mæti geti hann ekki sjálfur mætt. Fjarvera fulltrúa á vinnufundum veikir stöðu viðkomandi hagsmunahóps við ákvarðanatöku.

1.8.2007

Siðferði

Til að tryggja skilvirkni og árangur munu þátttakendur leitast við að virða eftirfarandi:

- Koma fram af kurteisi og virðingu við alla viðstadda
- Leyfa öðrum að klára sitt mál
- Gæta fyllsta trúnaðar
- Forðast ásakanir á hendur öðrum fulltrúum
- Gæta þess að menn hafi jöfn tækifæri til að tjá sig
- Tala á skýran og skilvirkan hátt
- Leita eftir útskýringum sé eitthvað óskýrt í málflutningi annarra

6. Skil

Hópurinn mun skila grunnniðurstöðum sínum skriflega og á uppdrætti sé þess óskað. Í framhaldinu munu skipulagsráðgjafar sjá um tæknilega útfærslu á uppdrætti og uppsetningu greinargerðar.

1.8.2007

Bolungarvík 19. júní 2007.

F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar

F.h. Foreldrafélags GB

F.h. Félags eldri borgara Bolungarvík

F.h. Fatlaðra

F.h. HSB

F.h. Hestamannafélagsins Storms

F.h. Heilsubæjar Bolungarvíkur

F.h. Ferðamálafélags Bolungarvíkur

F.h. Landbúnaðar

F.h. Sjávarútvegs

F.h. Innflytjenda

F.h. Land- og húseigenda í Skálavík
